

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. febrúar 2023

Mál nr. E-607/2022:

A

(Hildur Helga Kristinsdóttir lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta, sem var dómtekið 10. janúar 2023, var höfðað 27. janúar 2022 af A, [...], gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.
2. Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða honum 18.256.764 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 1.757.925 krónum frá 23. desember 2018 til 23. mars 2019 og af 18.256.764 krónum frá þeim degi til 26. desember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.
3. Stefnandi krefst þess til vara að stefnda verði gert að greiða honum 16.339.467 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga af 1.757.925 krónum frá 23. desember 2018 til 23. mars 2019 og af 16.339.467 krónum frá þeim degi til 26. desember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.
4. Stefnandi krefst þess til þrautavara að stefnda verði gert að greiða honum 15.454.767 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga af 1.757.925 krónum frá 23. desember 2018 til 23. mars 2019 og af 15.454.767 krónum frá þeim degi til 26. desember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.
5. Þá krefst stefnandi í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
6. Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að þær verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik

7. Mál þetta verður rakið til þess að stefnandi, sem er fæddur árið [...], lenti í umferðarslysi 23. desember 2018 við [...]. Slysið varð með þeim hætti að bifreiðinni [...] var ekið inn í hægri hlið bifreiðarinnar [...] sem stefnandi ók, en bifreiðin mun hafa verið stödd á beygjuakrein. Fyrrgreind bifreið var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda.
8. Stefnandi leitaði samdægurs á Læknavaktina. Fram kemur á samskiptaseðli að stefnandi hafi í fyrstu ekki fundið fyrir verkjum, en sé nú stirðari í öxlum og herðum, auk þess sem hann sé með verk í hæggra hné. Því er lýst að við skoðun sé stefnandi „hvellaumur suboccipitalt bilat og aumur yfir vöðvum herðaboga“. Taldi læknirinn stefnanda hafa tagnað á hálsi og var honum ráðlagt að leita til heimilislæknis eftir þörfum.
9. Stefnandi leitaði til heimilislæknis um tveimur mánuðum síðar, eða 26. febrúar 2019. Í læknisvottorði er vísað til þess að stefnandi hafi lent í bílslysi og hafi verkir farið versnandi, þar með talið bakverkur og verkir í hálsi, lendhrygg og herðum. Stefnanda voru ávísuð lyf og þjálfunarbeiðni útbúin. Stefnandi leitaði næst á heilsugæslu 29. júlí 2019 vegna brjóstverks. Fram kom að orsök verkjarins væri óljós, en að hugsanlega stafaði hann frá stoðkerfi eða væri vegna streitu. Stefnanda var vísað á bráðadeild til uppvinnslu.
10. Stefnandi aflaði skýrslu um hraða bifreiðanna samkvæmt svokölluðu PC-Crash forriti og lá hún fyrir 10. febrúar 2019. Þar kom fram að þyngdarhröðunin sem verkaði á bifreið stefnanda hefði verið 0,49 g og hraðamunur bifreiðanna 5,7 km/klst. Með tölvupósti 12. febrúar 2019 tók stefnandi fram að þessar upplýsingar bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa leitt af slysinu og var bótaskyldu hafnað. Stefnandi skaut afstöðu stefnda til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Með úrskurði 19. mars 2020 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.
11. Fyrir liggur að stefnandi lenti í vinnuslysi 19. maí 2008 þegar hann var að flytja skjalaskáp, en hann fékk högg á andlitið og vinstra kinnbein brotnaði. Meðal gagna málsins er matsgerð B læknis vegna afleiðinga slyssins. Þar kemur fram að meðal varanlegra heilsufarslegra afleiðinga séu heilkenni eftir höfuðáverka, eftirstöðvar eftir brot í vinstra kinnbeini, sem og dofi og skert húðskyn vegna sköddunar neðanaugntóftartauga. Talið var að varanlegur miski væri hæfilega metinn 22 stig og varanleg örorka 12%.
12. Hinn 13. febrúar 2020 óskaði stefnandi eftir mati B læknis og C lögmanns á varanlegum afleiðingum umferðarslyssins samkvæmt skaðabótalögum. Með tölvupósti lögmanns stefnanda, sem sendur var samdægurs, var stefnda send matsbeiðni og gögn málsins, en stefnandi hafði áður neitað að standa að mati með stefnanda. Stefnandi var upplýstur um að samkvæmt matsbeiðni væri óskað eftir því að matsmenn hefðu samband við hann áður

en að matsfundi kæmi svo að hann gæti gætt hagsmuna sinna. Jafnframt var tekið fram að stefnda væri frjálst að senda gögn og athugasemdir vegna matsbeiðninnar til lögmanns stefnanda og að þeim yrði komið á framfæri við matsmenn.

13. Matsgerð lá fyrir 23. nóvember 2020. Þar var því lýst að við áreksturinn hefði stefnandi fengið hliðarhögg og hnykk á sig, skallað dyrakarm vinstra megin og rekið vinstra hné í bílstjórarahurð. Stefnandi hefði verið greindur með tognun á hálsi eftir að hann leitaði á Læknavaktina og lýst versnandi verkjum hjá heimilislækni 26. febrúar 2019. Matsmenn töldu orsakatengsl vera á milli slyssins og núverandi einkenna stefnanda frá háls-, brjóst- og lendhrygg. Tekið var fram að áreksturinn og útleystir kraftar á bifreið stefnanda virtust ekki hafa verið miklir samkvæmt fyrirbyggjandi útreikningum, en að þó hefði orðið allnokkurt tjón á bifreið stefnanda. Það var niðurstaða matsmanna að áreksturinn hefði verið nægur til að valda hnykkáverka á hálsi og baki stefnanda. Tekið var fram að stefnandi hefði lýst einkennum frá hálsi og baki í beinu framhaldi af slysinu og að ekki væri saga um viðlíka einkenni fyrir slysið.
14. Matsmenn töldu að ekki hefði verið að vænta frekari bata þremur mánuðum eftir slysið og miðaðist stöðugleikapunktur við 23. mars 2019. Talið var að varanlegar heilsufarslegar afleiðingar slyssins yrðu raktar til tognunar á háls- og brjósthrygg, með viðvarandi verkjum sem aukist við álag, og tognunar á lendhrygg með álagsverkjum, eymslum og hreyfiskerðingu. Varanlegur miski var talinn hæfilega metinn 15 stig, þar af 6 stig vegna háls hryggjar, 6 stig vegna brjósthryggjar og 3 stig vegna lendhryggjar. Við mat á varanlegri örorku var litið til þess að stefnandi byggði við nokkurn stoðkerfisvanda til viðbótar við skerðingu á starfsgetu vegna vinnuslyssins sem varð í nóvember 2008. Hann hefði takmarkaða almenna menntun og væri augljóst að starfsgeta hans hefði skerast frekar við umferðarslysið. Varanleg örorka var talin hæfilega metin 15%.
15. Stefnandi krafðist bóta á grundvelli matsgerðarinnar og var krafa um bætur vegna varanlegrar örorku miðuð við launatekjur árið 2017, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Með tölvupósti 11. desember 2020 upplýsti stefndi að bætur yrðu ekki greiddar á grundvelli matsgerðarinnar.
16. Eftir að mál þetta var höfðað óskaði stefndi eftir því að dómkvaddur yrði matmaður til að leggja mat á mun á hraða bifreiðanna þegar áreksturinn varð, sem og þá hröðun sem hefði verkað á stefnanda sem ökumann. D, vélaverkfræðingur, var dómkvaddur og lá matsgerð hans fyrir 31. maí 2022. Þar kom fram að líklegur hraði þeirrar bifreiðar sem ók á stefnanda hefði verið 16,7 km/klst. í akstursstefnu sína fyrir áreksturinn, en 7,0 km/klst. þvert á akstursstefnu bifreiðar stefnanda. Þá hefði líkleg hröðun sem verkaði á bifreið stefnanda verið 1,2 g.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

17. Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna slyssins 23. desember 2018 sem eigandi bifreiðarinnar beri skaðabótaábyrgð á, sbr. þágildandi ákvæði 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. nú lög nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Þar sem bifreiðin hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda hvíli greiðsluskylda á honum, sbr. 97. gr. þágildandi umferðarlaga, og sé kröfum beint að stefnda samkvæmt 44. og 45. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
18. Stefnandi telur að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl á milli slyssins og varanlegs líkamstjóns hans. Tekið er fram að stefnandi hafi samdægurs leitað á Læknavaktina og verið greindur með tognun á hálsi. Þá hafi hann leitað á heilsugæslu 26. febrúar 2019 og lýst versnandi verkjum í hálsi og mjóbacki.
19. Byggt er á því að með matsgerð B og C hafi verið færðar fullnægjandi sönnur fyrir réttmæti dómkrafna stefnanda. Fram komi í matsgerðinni að við áreksturinn hafi stefnandi fengið hliðarhögg og hnykk á sig. Læknisskoðun hafi sýnt skerðingu á snúningshreyfingum í háls hrygg og eymsli í öxlum og niður bak. Matsmenn hafi tekið fram að fyrir slysið hafi stefnandi verið laus við verki í hálsi og baki, auk þess sem hann hafi kvartað yfir einkennum í beinu framhaldi af slysinu. Á þessum grunni hafi því verið slegið föstu að orsakatengsl væru á milli slyssins og núverandi einkenna stefnanda frá háls-, brjóst- og lendhrygg. Tekið hafi verið tillit til þess að útleystir kraftar sem verkuðu á bifreið stefnanda við áreksturinn virðist ekki hafa verið miklir, en matsmenn talið áreksturinn hafi nægt „til að valda hnykkáverka á hálsi og baki“.
20. Stefnandi leggur áherslu á að matsgerðin hafi tekið mið af þeim atriðum sem almennt sé litið til við mat á varanlegum afleiðingum umferðarslysa. Þannig tíðkist að líta til eðlis árekstrarins, þar með talið hvort hann hafi verið nægjanlega öflugur til að valda skaða. Einnig beri að líta til þess hvort einkenni tjónþola hafi verið staðfest fljótlega eftir slysið og hvort samfella sé í skráningu einkenna hjá læknum eða meðferðaraðilum. Þá sé litið til þess hvort einkenni tjónþola séu líklegri til að stafa af öðrum ástæðum en viðkomandi slysi og hvort þau hafi áður verið til staðar.
21. Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi verið upplýstur um fyrirhugað mat, verið boðaður á matsfund og fengið fullt færi á að gæta hagsmuna sinna. Þá hafi stefndi ekki hnekkj matsgerðinni með því að óska álits örorkunefndar í samræmi við 10. gr. skaðabótalaga eða eftir dómkvaðningu matsmanna.
22. Stefnandi leggur áherslu á að PC-Crash útreikningar sem stefndi aflaði einhliða hafi takmarkað sönnunargildi og hnekki með engu móti matsgerðinni sem stefnandi aflaði. Í þeim efnum er meðal annars vísað til þess að umræddir útreikningar séu ekki til þess

fallnir að skera úr um umfang líkamstjóns vegna slyss. Þá megi ráða af ljósmyndum í skýrslunni að um nokkurt högg hafi verið að ræða, enda þótti hraði bifreiðanna hafi ekki verið mikill. Að sama skapi hafi matsgerð dómkvaddis matsmanns, sem stefndi aflaði, ekki þýðingu og styðji ekki málatilbúnað stefnanda. Einnig verði að hafa í hug að samkvæmt matsgerðinni sem stefndi aflaði hafi hraðamunur bifreiðanna og sú hröðun sem verkaði á stefnanda verið enn meiri en samkvæmt fyrri útreikningum.

23. Stefnandi byggir á því að jafnvel þótt talið verði að áreksturinn hafi verið vægur sé ekki unnt að útiloka að hann hafi haft í för með sér varanlegar líkamlegar afleiðingar fyrir stefnanda. Horfa beri til hvers tilviks fyrir sig og styðji matsgerðin orsakatengsl á milli slyssins og einkenna stefnanda.
24. Fjárkröfur stefnanda taka mið af fyrrgreindri matsgerð þar sem varanlegur miski var metinn 15 stig og varanleg örorka 15%. Stefnandi byggir á því að meta skuli árslaun til grundvallar útreikningi bóta vegna varanlegrar örorku sérstaklega samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar síðustu þrjú ár fyrir slysdag. Stefnandi hafi verið atvinnulaus hluta ársins 2015 og í fæðingarorlofi á árinu 2016, en við þær aðstæður beri samkvæmt dómaframkvæmd að beita öðrum mælikvarða en þeim sem greinir í 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.
25. Aðalkrafa stefnanda tekur mið af meðallaunum bílstjóra vöru- og flutningabifreiða á slysárinu samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Hagstofunnar. Vísað er til þess að á slysdegi hafi stefnandi starfað hjá X sem [...] og sé rétt að leggja til grundvallar meðallaun þeirrar starfsstéttar. Hafa verði í huga að stefnandi hafi ekki aflað sér sérstakrar menntunar annarrar en meiraprófs og vinnuvélaréttinda. Telja verði að umræddur mælikvarði gefi raunsanna mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda. Árslaun bílstjóra vöru- og flutningabifreiða á slysári námu 7.848.000 krónum ($654.000 \cdot 12$), en uppreiknuð til stöðugleikapunkts og að viðbættu 11,5% mótframlagi vinnuveitanda nemi fjárhæðin 9.002.477 krónum ($7.848.000 \cdot 675,3/656,4 \cdot 1,115$).
26. Verði ekki fallist á árslaunaviðmið samkvæmt aðalkröfu krefst stefnandi þess til vara að tekið verði mið af meðallaunum verkamanna á slysárinu samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Hagstofunnar. Vísað er til þess að stefnandi hafi unnið ýmis störf sem ekki hafi verið krafist menntunar vegna og hafi í dómaframkvæmd verið fallist á að beita meðallaunum verkamanna við svipaðar aðstæður. Árslaun verkamanna á slysári námu 6.936.000 krónum ($578.000 \cdot 12$), en uppreiknuð til stöðugleikapunkts og að viðbættu 11,5% mótframlagi vinnuveitanda nemi fjárhæðin 7.956.317 krónum ($6.936.000 \cdot 675,3/656,4 \cdot 1,115$).
27. Stefnandi krefst þess til þrautavara að bætur vegna varanlegrar örorku taki mið af tekjum hans árið 2017. Um sé að ræða eina árið á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem stefnandi hafi verið í fullu starfi. Tekjur stefnanda á árinu 2017 uppreikn-

aðar til stöðugleikapunkts og að viðbættu 11,5% mótframlagi vinnuveitanda nemi 7.473.587 krónum. Þá sé miðað við meðaltal launavísitölu árið 2017 (616,6) og launavísitölu á stöðugleikatímmapunkti í mars 2019 (675,3).

28. Stefnandi krefst þess að bætur vegna varanlegs miska beri 4,5% vexti samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá tjónsdegi til 23. mars 2019 þegar stöðugleikapunktur var náð, sem og að bætur vegna varanlegrar örorku beri sömu vexti frá stöðugleikapunkti til 26. desember 2020 þegar mánuður var liðinn frá því að krafa á grundvelli matsgerðar var send stefnda. Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001, frá 26. desember 2020 til greiðsludags.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

29. Stefndi byggir á því að það sé ósannað að orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem stefnandi kveðst búa við í dag. Stefnandi verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti, en að virtum atvikum séu engar líkur á því að umferðarslysið hafi valdið stefnanda varanlegu líkamstjóni.
30. Stefndi telur að afar vægt högg hafi komið á bifreið stefnanda við áreksturinn. Samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns hafi líklegast hraðamunur bifreiðanna verið 16,7 km/klst. við áreksturinn. Þá hafi verið talið líklegast að sú þyngdarhröðun sem verkaði á stefnanda væri 1,2 g. Af þessu megi ráða að óverulegir kraftar hafi verkað á líkama stefnanda við höggið. Jafnframt megi sjá af ljósmyndum að skemmdir á bifreiðunum hafi ekki verið miklar, enda hafi ökumenn bifreiðanna verið nýfarnir af stað á grænu ljósi og því verið á lítilli ferð. Einnig beri að líta til þess að um hliðarákomu hafi verið að ræða fremur en högg sem kom aftan á bifreið stefnanda. Áhrif slíks högg á líkama stefnanda hafi verið hverfandi og ættu ekki að vera meiri en af ýmsum hversdagslegum athöfnum, svo sem að aka yfir hraðahindrun.
31. Samkvæmt framangreindu telur stefndi ómögulegt að höggið hafi valdið þeim líkamlegu afleiðingum sem stefnandi glími við. Fjölmargar rannsóknir hafi sýnt að væg högg við árekstur geti ekki leitt til varanlegs líkamstjóns, auk þess sem litið hafi verið til hraðaútreikninga í dómaframkvæmd. Þá hafi stefnandi verið að fullu vinnufær eftir slysið og ekki sætt sértækri meðferð. Hann hafi leitað til læknis í kjölfar slyssins, en svo ekki aftur fyrr en um tveimur mánuðum síðar. Engar frekari komur á heilsugæslu eða læknavakt hafi verið skráðar vegna afleiðinga slyssins. Aftur á móti hafi stefnandi leitað á heilsugæslu 29. júlí 2019 vegna óþæginda yfir vinstra brjósti og þá ekki minnst á meint einkenni eftir umferðarslysið. Það veki athygli að tilgreint sé í læknisvottorði að stefnandi lyfti þungum hlutum í vinnunni, auk þess sem töluverð streita hafi verið í umhverfi hans. Samkvæmt sjúkraskrá hafi stefnandi næst leitað til læknis 7. nóvember

2019 og hafi verið talið að hann glímdi við tognunaráverka, en myndrannsókn sýndi ekki brot eða bein áverkamerki.

32. Stefndi leggur áherslu á að stefnandi hafi unnið sem [...] hjá X þegar slysið varð. Hann hafi þurft að lyfta þungum hlutum í störfum sínum og sé það mun líklegri orsök verkja sem hann glími við en umferðarslysið. Jafnframt hafi stefnandi lent í bílslysi sumarið 2006 og komi fram í skráningu í sjúkraskrá frá nóvember sama ár að hann hafi verið slæmur í háls hrygg og mjóbaki eftir slysið. Þá séu einkenni stefnanda almenns eðlis, en verkir í herðum, höfði og baki geti ekki talist til sértækra einkenna eftir umferðarslys. Þá eigi stefnandi sögu um mígreni og króníska höfuðverki eftir vinnuslys í maí 2008.
33. Stefndi telur ekki unnt að leggja til grundvallar matsgerð B og C. Matsgerðarinnar hafi verið aflað einhliða af stefnanda og hafi lítið sem ekkert sönnunargildi. Þá hafi matsmenn hvorki tekið nægjanlegt tillit til fyrri sjúkrasögu stefnanda né aðstæðna við áreksturinn. Það standist ekki að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið til meðferðar hjá heimilislækni eftir slysið, en læknisfræðileg gögn styðji það ekki. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi ekki farið í sjúkrahjálfun vegna slyssins og beri því við að stefndi hafi neitað að taka þátt í greiðslu slíks kostnaðar. Því er hafnað sem röngu, enda komi fram í bréfi stefnda frá 12. febrúar 2019 að endurgreiddur verði útlagður kostnaður vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkrahjálfunar sem hafi fallið til á fyrstu 10–12 vikum eftir slysið. Stefnanda hafi borið að leitast við að komast í sjúkrahjálfun og takmarka tjón sitt.
34. Vísað er til þess að matsmenn hafi lítið til þess að ekki hafi verið hægt að gera við bifreið stefnanda vegna tjóns á hjólabúnaði og á þeim grunni talið áreksturinn hafa dugað til að valda hnykkáverka á hálsi og baki stefnanda. Hið rétta sé að bifreið stefnanda hafi verið innleyst á 570.000 krónur þar sem viðgerð hafi ekki verið talin svara kostnaði, en slíkt haldist ekki í hendur við það hversu harkalegur áreksturinn hafi verið. Þá hafi matsmenn horft fram hjá því að um hafi verið að ræða hliðarákomu á litlum hraða, en áhrif slíks höggs á líkama stefnanda hljóti að hafa verið hverfandi. Það veki athygli að sá læknir sem skoðaði stefnanda 23. desember 2018 hafi greint hann með háls hnykk, en þar sem höggið hafi ekki komið aftan á bifreið stefnanda hafi það ekki getað valdið þeirri S-laga hreyfingu sem einkenni slíkan áverka. Þá hafi matsmenn lagt til grundvallar að stefnandi hafi lýst einkennum frá hálsi og baki í beinu framhaldi af slysinu. Aftur á móti hafi stefnandi fyrst lýst einkennum frá baki 26. febrúar 2019 og virðist fyrst hafa verið greindur með tognun á brjóst- og lendhrygg 7. nóvember 2019. Einnig vísi matsmenn ranglega til þess að stefnandi hafi lýst versnandi verkjum í hálsi og mjóbaki við komu á heilsugæslu 26. febrúar 2019, en í sjúkraskrá hafi ekki verið vísað til einkenna frá mjóbaki. Þá hafi matsmenn reist niðurstöðu sína á læknisvottorðum og lýsingum stefnanda, en hlutlæg læknisfræðileg gögn staðfesti ekki þau einkenni sem um ræði.

35. Verði ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Afleiðingar slyssins hafi í öllu falli verið ofmetnar í fyrirbyggjandi matsgerð. Fallist er á að meta beri árslaun vegna varanlegrar örorku sérstaklega þar sem um óvenjulegar aðstæður hafi verið að ræða, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Miða beri útreikning á skaðabótum vegna varanlegrar örorku við launatekjur stefnanda árið 2017 eins og gert sé í þrautavarakröfu, en stefnandi hafi ekki sýnt fram á að þeir mælikvarðar sem aðalkrafa og varakrafa miða við séu réttari hvað varðar líklegar framtíðartekjur. Kröfu stefnanda um dráttarvexti er mótmælt og þess krafist að þeir verði ekki dæmdir frá fyrra tímamarki en dómsuppsögu, sbr. 2. málslíð 9. gr. laga nr. 38/2001.

IV

Niðurstaða

36. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna umferðarslyss 23. desember 2018 þegar bifreið, sem var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, var ekið í hlið ökutækis hans. Stefndi byggir einkum á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl á milli árekstrarins og þeirra einkenna sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Í þeim efnum hefur verið lögð áhersla á að um vægan árekstur hafi verið að ræða og að höggið sem kom á bifreið stefnanda hafi ekki verið þess eðlis að geta valdið varanlegu líkamstjóni.
37. Eins og rakið hefur verið leitaði stefnandi á Læknavaktina sama dag og slysið varð. Þar var hann greindur með tognun á hálsi, en því var meðal annars lýst að hann væri hvell-aumur í hnakkafestum og yfir vöðvum herðaboga. Þá bera gögn málsins með sér að stefnandi hafi aftur leitað á heilsugæslu um tveimur mánuðum eftir slysið og meðal annars lýst versnandi verkjum frá baki, hálsi, lendhrygg og herðum. Samkvæmt þessu verður lagt til grundvallar að stefnandi hafi lýst einkennum vegna slyssins þegar í kjölfar þess, sem og að einkennin hafi farið versnandi enda þótt hann hafi ekki verið frá vinnu.
38. Fyrir liggur að stefndi neitaði að standa að mati á afleiðingum umferðarslyssins með stefnanda. Vegna þessa óskaði stefnandi einhliða eftir því að B læknir og C lögmaður legðu mat á afleiðingar slyssins samkvæmt skaðabótalögum. Eins og áður greinir töldu matsmenn að orsakatengsl væru á milli slyssins og einkenna stefnanda sem felast einkum í verkjum, eymslum og hreyfiskerðingu sem rakin eru til tognunar á háls- og brjósthrygg, sem og lendhrygg. Litið var til þess að um vægan árekstur hefði verið að ræða, en að skemmdir á bifreiðum styddu að áreksturinn hefði getað leitt til varanlegs líkamstjóns. Þá litu matsmenn til þess að stefnandi hefði ekki lýst einkennum af þessum toga áður og að þau gætu samræmst því að hann hefði fengið hnykk í slysinu.
39. Stefndi var upplýstur um matsbeiðnina og kemur fram í matsgerðinni að honum hafi verið tilkynnt um fyrirhugaðan matsfund svo að hann gæti gætt hagsmuna sinna við matið. Samkvæmt þessu fékk stefndi færi á að koma að athugasemdum og gæta hags-

muna sinna við matið, en kaus að gera það ekki. Þá hefur stefndi hvorki nýtt heimild 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga til að bera matsgerðina undir örorkunefnd né óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til að hnekkja henni. Stefndi hefur aftur á móti aflað matsgerðar dómkvaddis matsmanns sem tekur til mismunar á hraða þeirra bifreiða sem lentu í árekstrinum og þeirrar hröðunar sem verkaði á stefnanda sem ökumann. Eins og áður greinir taldi matsmaðurinn að líklegt gildi hröðunar væri 1,2 g og að líklegur munur á hraða bifreiðanna hefði verið 16,7 km/klst. Í skýrslu fyrir dómi staðfesti matsmaðurinn niðurstöður sínar. Þá tók hann skýrt fram að það félli utan hans sérsviðs að meta hvort árekstur af þessum toga gæti valdið ökumanni líkamstjóni.

40. Stefndi telur ýmsa annmarka vera á matsgerð B og C. Byggt er á því að matsmenn hafi hvorki tekið nægilegt tillit til fyrri sjúkrasögu stefnanda né aðstæðna við áreksturinn. Í matsgerðinni er vikið að því að stefnandi hafi lent í vinnuslysi í maí 2008 og hafi meðal annars fundið fyrir höfuðverkjum eftir slysið. Það var nánar útskýrt í skýrslu B fyrir dómi að litið hefði verið til þessa slyss, en matmenn talið afleiðingar þess annars eðlis en þau einkenni sem komu fram eftir umferðarslysið í desember 2018. Sú ályktun matsmanna fær stoð í matsgerð vegna fyrra slyssins og er ekkert komið fram sem styður að um sambærileg einkenni hafi verið að ræða. Þá verður ekki séð að umferðarslys sem stefnandi lenti í árið 2006 hefði með réttu átt að hafa þýðingu við matið, en ekki verður séð að stefnandi hafi búið við viðvarandi líkamleg einkenni eftir það slys. Hvað varðar aðstæður við áreksturinn þá lágu útreikningar úr PC-Crash forriti fyrir og litu matsmenn til þess að um tiltölulega vægan árekstur hefði verið að ræða, en að skemmdir hefðu engu að síður orðið á bifreiðum. Það var nánar útskýrt í skýrslu B að við mat á orsakatengslum væri ekki eingöngu horft til hraða þeirra bifreiða sem lentu í árekstrinum, heldur til einkenna stefnanda eftir slysið sem bentu til þess að hann hefði fengið á sig hnykk og til þess að hann hefði ekki haft sams konar einkenni áður. Ekki verður séð að matsmenn hafi lagt of ríka áherslu á þá staðreynd að bifreið stefnanda var innleyst eftir slysið, eins og stefndi hefur haldið fram. Aðrar athugasemdir stefnda við matsgerðina, svo sem að ranglega hafi verið lagt til grundvallar að stefnandi hafi sætt meðferð vegna einkenna sinna, eru ekki til þess fallnar að draga úr vægi hennar sem sönnunargagns.
41. Að mati dómsins verður að leggja til grundvallar að áreksturinn hafi verið vægur. Hefur stefnandi raunar staðfest að svo hafi verið og fær það jafnframt stoð í framburði ökumanns þeirrar bifreiðar sem olli árekstrinum fyrir dómi. Engu að síður verður ráðið af gögnum málsins, svo sem tjónstilkynningu og ljósmyndum, að skemmdir hafi orðið á bifreiðunum. Þá verður ráðið af læknisfræðilegum gögnum sem liggja fyrir í málinu að stefnandi hafi glímt við einkenni frá hálsi og baki eftir umferðarslysið. Að mati dómsins, sem er skipaður sérfróðum meðdómsmanni, eru slík einkenni í samræmi við tognun og áverka eftir högg sem verður við árekstur bifreiða. Þá telur dómurinn að árekstur þar

sem ekið er á hlið bifreiðar sé ekki síður til þess fallinn að valda hnykk á líkama öku-
manns en aftanákeyrsla, svo sem einnig kom fram í skýrslu B fyrir dómi.

42. Eins og rakið hefur verið byggir stefndi á því að í ljósi lítils hraða þeirrar bifreiðar sem ekið var á bifreið stefnanda sé því sem næst útilokað að líkamstjón hafi getað hlotist af árekstrinum. Jafnvel þótt lögð sé til grundvallar niðurstaða dómkvadds matsmanns um hraðamun bifreiðanna og þá hröðun sem verkaði á bifreið stefnanda verður að horfa til þess að það ræðst af fjölda þátta hverju sinni hvort líkamstjón verður og hvert umfang þess er. Mat á afleiðingum slyss er einstaklingsbundið og hefur stefndi ekki hnekkð þeirri niðurstöðu fyrrgreindrar matsgerðar að áreksturinn hafi haft áhrif á heilsu og starfsgetu stefnanda. Gildir þar einu þó að niðurstaða dómkvadds matsmanns um hraða og tengd atriði sé lögð til grundvallar.
43. Samkvæmt framangreindu telur dómurinn, sem er skipaður sérfróðum meðdómsmanni, að stefnandi hafi sýnt nægilega fram á að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni sem verði rakið til umferðarslyssins. Stefnandi á rétt á bótum úr hendi stefnda vegna tjónsins, sbr. 88. og 90. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Eins og rakið hefur verið töldu matsmenn miska stefnanda hæfilega metinn 15 stig og varanlega örorku 15%. Stefnandi hefur ekki hnekkð því mati og ekki fært haldbær rök fyrir því að miða beri bætur við lægri hlutföll. Verður því ekki fallist á varakröfu stefnda og verða bætur til stefnanda ákveðnar á grundvelli matsgerðarinnar.
44. Aðilar eru sammála um að fyrir hendi hafi verið óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þannig að meta skuli árslaun vegna varanlegrar örorku sérstaklega fremur en að miða við það tímabil sem greinir í 1. mgr. 7. gr. laganna. Það er í samræmi við þá staðreynd að stefnandi var atvinnulaus hluta ársins 2015 og í fæðingarorlofi á árinu 2016. Stefnandi byggir aðallega á því að við útreikning bóta eigi að taka mið af meðallaunum bílstjóra vöru- og flutningabifreiða á slysárinu, en til vara af meðallaunum verkamanna og til þrautavara af tekjum hans árið 2017 þegar hann var í fullu starfi.
45. Það liggur fyrir að stefnandi vann hjá X sem [...] þegar slysið varð, en hann mun hafa látið af störfum eftir slysið og rekur það til líkamlegra einkenna. Stefnandi upplýsti í aðilaskýrslu að hann hefði unnið ýmis störf áður, þar með talið sem bílstjóri hjá Y og sem þjónustufulltrúi hjá Z. Fyrir liggur að stefnandi hefur ekki aflað sér annarrar menntunar en meiraprófs og vinnuvélaréttinda. Að virtum fyrri störfum stefnanda og þeim réttindum sem hann hefur aflað sér telur dómurinn nægilega sýnt fram á að meðallaun þeirrar starfsstéttar sem hann tilheyrði þegar slysið varð gefi raunsanna mynd af líklegum framtíðartekjum. Ekki verður séð að það árslaunaviðmið sem stefndi telur að leggja beri til grundvallar og þrautavarakrafa stefnanda er reist á sé réttari grundvöllur við útreikning á bótum.

46. Samkvæmt framangreindu verður fallist á aðalkröfu stefnanda eins og hún er fram sett, en ekki er að öðru leyti ágreiningur um útreikning kröfunnar. Verður jafnframt fallist á kröfu stefnanda um vexti og dráttarvexti. Upphafsdagur dráttarvaxta miðast við þann tíma þegar mánuður var liðinn frá því að krafa stefnanda, sem var reist á matsgerð, var send stefnda, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001. Stefndi hefur ekki fært haldbær rök fyrir því að miða beri upphafstíma dráttarvaxta við síðara tímamark.
47. Stefndi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt leyfi frá dómsmálaráðuneytinu 16. september 2021. Samkvæmt 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber eingöngu að ákveða í dómi fjárhæð þóknunar lögmanns gjafsóknarhafa, en ekki verður að öðru leyti tekin afstaða til þess hvað gjafsóknarhafa skuli greitt af kostnaði sínum af máli, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 22. apríl 2015 í máli nr. 634/2014. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans sem þykir hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur. Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða 1.200.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Ásgerður Ragnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt Helga Sigurðssyni héraðsdómara og Halldóri Baldurssyni bæklunarlækni.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 18.256.764 krónur með 4,5% vöxtum af 1.757.925 krónum frá 23. desember 2018 til 23. mars 2019 og af 18.256.764 krónum frá þeim degi til 26. desember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði 1.200.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hildar Helgu Kristinsdóttur, 1.200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ásgerður Ragnarsdóttir

Helgi Sigurðsson

Halldór Baldursson